

**527. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
18. júlí 2018 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ),
aðalmaður, Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), aðalmaður, Björgvin Smári
Haraldsson (BSH), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LM), aðalmaður og Guðný
Sverrisdóttir (GS), sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Guðný Sverrisdóttir, Sveitastjóri

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki.
Oddviti lýsir fundinn lögmætan.

Dagskrá:

1. Rekstrarform Tálknafjarðarskóla - 1807013

*Oddviti, sveitarstjóri og Lilja Magnúsdóttir áttu fund með Margréti Pálu hjá
Hjallastefnunni 5. júlí sl. Þar kom fram m.a. að reiknað er með að grunn- leik- og
tónlistarskóli flytjist yfir til Tálknafjarðahrepps 1. ágúst nk. Farið var yfir hvað þarf að
gera samhliða yfirtökunni.*

Tillaga kom fram um að fresta yfirtökunni til 1. október nk.

*Tillaga frá Lilju Magnúsdóttur. Sveitarstjórn felur skólastjóra og fræðsluráði að hefja
vinnu við mótun nýrrar skólastefnu fyrir Tálknafjarðarskóla í samstarfi við foreldra,
starfsmenn, nemendur og íbúa.*

Samþykkt samhljóða

2. Málefni Fasteignafélagsins Tálknafjörður 101 - 1807011

Farið yfir rekstur og leigutekjur Fasteignafélagsins.

*Ákveðið að eftirtaldir verði skipaðir í stjórn á næsta aðalfundi Fasteignafélagsins:
Stjórnin verður skipuð 5 mönnum og eru það aðalmenn í sveitarstjórn. Prókúruhafi
verði sveitarstjóri.*

*Tillaga kom fram um að segja upp öllum leigusamningum sem eru á hendi
Fasteignafélagsins og Tálknafjarðarhrepps og gera nýja samninga samkvæmt
umræðu á fundinum.*

Samþykkt samhljóða

**3. Umsögn: Fw: Óskað er eftir umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó
vegna deiliskipulags - 1803006**

Erindinu vísað til byggingar- skipulags- og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

4. Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga - 1807014

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 41.000.000,- kr. til 16 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið vegna afborgunar aflánum Lánasjóðs sveitarfélaga og vegna borholu framkvæmda, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Guðnýju Sverrisdóttir, kt. 150952-7519, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt samhljóða.

5. Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps. - 1807016

Tekið til fyrri umræðu á 526.fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps þann 19.júní 2018 þar sem lagðar voru til breytingar og þær samþykktar samhljóða.

*Síðari umræða.
Samþykkt samhljóða.*

6. Ákvörðun um innheimtuaðila Tálknafjarðarhrepps. - 1807010

*5. júlí sl. áttu oddviti, sveitarstjóri og Lilja Magnúsdóttir fund með fulltrúa Motus í Reykjavík. Þar kom fram að samningum við Motus hefur ekki verið sagt upp. Í desember sl. gerði Tálknafjarðarhreppur aftur á móti samning við Innkasso. Tillaga kom fram um að halda áfram viðskiptum við Motus og segja upp samningi við Innkasso.
Samþykkt samhljóða.*

7. Umsókn: um nýtingarleyfi til rekstur Hitaveitu á Tálknafirði - 1804025

*Málinu frestað.
Samþykkt samhljóða.*

8. Úrbætur: krafa um úrbætur vegna kaldvatnsinntaks - 1711005

Erindi frá Hlyn Ársælssyni o.fl., dags 22.10.2017. Er verið að fara fram á endurbætur á vatnsveitu í efri byggð við Strandgötu. Líttill þrýstingur er á vatninu og það er einnig óhreint.

Tillaga frá Björgvini Smára.

Fallist er á þá kröfu bréfitara að vatnsveitugjöld fyrir árið 2017 verði endurgreidd og þau felld niður þar til ástand vatnsveitumála er orðið ásættanlegt.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd falið að koma með tillögu til úrbóta á vatnsgæðum og vatnsþrýstingi vegna húsa við Strandgötu hið fyrsta.

Samþykkt samhljóða.

9. Vatn: Krafa um úrbætur vegna kaldavatnsinntaks - 1801040

*Erindi frá Konráð Péturssyni sent dags 17.01.2018. Vísað er til bókunar í 8. lið.
Samþykkt samhljóða.*

10. fráveitumál: fyrir Tunguland 2 - 1806008

*Erindi frá Dagnýju Öldu Steinsdóttur, dags. 07.06.2018. Er hún að fara fram á að
Tunguland 2 verði tengt fráveitu Tálknafjarðarhrepps
Tillaga kom fram um að vísa erindinu til byggingar- skipulags- og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.*

11. Persónuverndarmál: - 1807021

*Málinu frestað til næsta fundar.
Samþykkt samhljóða.*

12. Vinnuskóli 2018, tillaga að launatöflu - 1807019

*Laun vinnuskólans 2017 voru eftirfarandi:
Yngri en 14 ára á árinu kr. 523,- pr. klst.
14 ára á árinu kr. 622,- pr. klst.
15 ára á árinu kr. 792,- pr. klst.
16 ára á árinu kr. 1.259,- pr. klst.
17 ára á árinu kr. 1.478,- pr. klst.*

*Tillaga kom um að hækka launin um 2,5% sumarið 2018 eins og Vesturbyggð.
Samþykkt samhljóða.*

13. Kosning: fulltrúa á landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 - 1806014

*Tillaga kom fram um að Bjarnveig Guðbrandsdóttir verði aðalmaður og Lilja
Magnúsdóttir til vara.
Samþykkt samhljóða.*

14. Erindisbréf nefnda Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022 - 1807017

*Farið yfir drög að erindisbréfi fyrir fræðslu- menningar- íþróttá- og æskulýðsnefnd
Tálknafjarðarhrepps, drög að erindisbréfi byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd
Tálknafjarðarhrepps og drög að erindisbréfi atvinnu- og hafnarnefndar
Tálknafjarðarhrepps.
Samþykkt samhljóða.*

15. Velferðarráð, skipan fulltrúa Tálknafjarðarhrepps. - 1807009

*Tillaga kom fram um að eftirtaldir aðilar yrðu skipðir fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í
velferðarráð Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps:
Elísabet Kjartansdóttir og Berglind Eir Egilsdóttir.
Til vara: Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir og Jóhann Örn Hreiðarsson.
Samþykkt samhljóða.*

16. Almannaþingarnefnd: skipan í nefnd - 1807020

Erindi frá Davíð Rúnari Gunnarssyni, dags. 11.07.2018, um skipan Almannaþingarnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu. Þegar hefur sveitarstjórn skipað sveitarstjóra sem aðalmann og oddvita sem varamann. Samþykkt samhljóða.

17. Hundahald: umsókn - 1807007

*Umsókn um hundahald. Eiganda bent á að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði.
Guðni Ólafsson vék af fundi undir þessum lið.
Samþykkt samhljóða.*

18. Tillaga að sumarlokun skrifstofu Tálknafjarðarhrepps - 1807018

*Tillaga kom frá sveitarstjóra að sumarlokun skrifstofu Tálknafjarðarhrepps yrði frá og með 30. júlí, til og með 10. ágúst nk.
Samþykkt með 4 greiddum atkvæðum, Björgvin Smári sat hjá.*

19. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1807012

*Ákveðið að styrkja Vestfjarðavíkinginn að upphæð kr. 90.000,-. Samþykkt samhljóða.
Skýrt var frá að Bjarnveig og Lilja fóru á ársfund Vestfjarðarstofu 29. júní sl.
Varðandi reikninga frá KPMG er sveitarstjóra falið að leita skýringa.
Sveitarstjóri skýrði frá því að Bjarnveig, Lilja og Guðný mættu á fund hjá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga 5. júlí sl. Lagði Eftirlitsnefndin áherslu á að gerð yrði aðgerðaáætlun til 2-3 mánaða og útstreymi fjármagns yrði haldið í lágmarki.
Bjarnveig skýrði frá fundi með Finni Jónssyni út af leigu á sumarbústað.
Bókun frá Lilju Magnúsdóttur vegna fundar sveitarstjórnar hjá Odda á Patreksfirði.
Samkvæmt gögnum frá fundi meirihluta sveitarstjórnar með forsvarsmönnum Odda á Patreksfirði í júní kemur fram að þetta er kynning fyrir sveitarstjórn Tálknafjarðar á áhrifum sértæks byggðakvóta fyrir Tálknafjarðarhrepp. E-listi óskar skýringa á því hvers vegna fulltrúi E-listans í sveitarstjórn var ekki boðaður á fundinn. Oddviti skýrði frá því að aðeins væri ætlast til að kæmu 2-3 frá meirihluta sveitarstjórnar.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Guðný Sverrisdóttir (GS)
